

Ed.

381. Nefndarátt

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Það er eins um þetta frumv. og frumv. á þskj. 112, að fjárhagsnefnd hefir ekki getað orðið sammála. Verðtollslögin falla úr gildi við næstu áramót. Er það vitanlegt, að óhjákvæmilegt er að framlengja þau um tvö ár, enda kom

ekki fram neinn ágreiningur innan nefndarinnar um það atíði. Hins vegar greindi nefndarmenn á nm hækkun verðtollsins.

Þar sem við undirritaðir teljum sýnt, að afla verði rikissjóði tekna fram yfir það, sem gildandi lög ákveða, er nemi minst 800 þús. krónum, virðist okkur vel tiltækilegt að fara þá leið, meðal annara, að hækka að nokkru leyti hinn gildandi verðtoll, án þess að breyta flokkun þess varnings, sem verðtollur er greiddur af. Við leggjum því til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. mars 1928.

Ingvar Pálmason, Einar Árnason.
form. og frsm.